




Akranes
Kringlan
Krossmói
Spöngin
Smáralind
www.dyrabaer.is



Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs

Allar almennar
bílavíðgerðir

Gylfaflöt 24 - 30 • 112 Reykjavík
Sími 577 4477
www.bilavidgerdir.is

Þjónustuaðili



SSANGYONG



CHEVROLET

Árbæjarblaðið

9. tbl. 22. árg. 2024 september

Fréttablað íbúa í Árbæjarhverfi



Björney Anna Aronsdóttir, Krístrún (Kiddy) Bender og Camilla Dís Ívarsdóttir sáu um að leiðbeina á námskeiðinu í reiðskólanum í Viðidal. **ÁB-mynd Katrín J. Björgvinsdóttir**

Fjör í reiðskólanum

- sjá bls. 12 og 13



HeilsuKlasinn



Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

VISSIR ÞÚ?

**AÐ KEILA ER
LEIKIN AF
120.000,000
MANNS Í YFIR
90 LÖNDUM.**

**KÍKTU Í KEILU, PÍLU, KAREOKE,
PIZZU, DRYKK, BOLTA OG FJÖR.**

ÞÚ GETUR BÓKAÐ BRAUT Á
KEILUHOLLIN.IS OG Í SÍMA 5 11 53 00

Keiluhöllin
EGILSHÖLL



Tilbúinn fiskur og
fiskréttir beint í ofninn

Spönginni 13, 112 Reykjavík

Árbæjarblaðið

Útgefandi: Skrautas ehf. Netfang: abl@skrautas.is
Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.
Ritstjórn: Símar 698-2844 og 699-1322.
Netfang Árbæjarblaðsins: abl@skrautas.is
Útlit og hönnun: Skrautas ehf.
Auglýsingar: 698-2844 og 699-1322 - Stefán Kristjánsson
- abl@skrautas.is
Prentun: Landsprent ehf.
Ljósmyndarar: Katrín J. Björgvinsdóttir.
Dreifing: Póstdreifing.

Árbæjarblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Árbæ, Ártúnsholti, Grafarholti og Norðlingaholti.

Mikill lóðaskortur

Það ríkir mikill lóðaskortur í Reykjavík og alltof lítið er byggt af húsnæði þessi misserin. Nýlega kom fram í viðtali við formann félags sem stendur fyrir byggingu húsnæðis þar sem hagnaðurinn er í lágmarki að félagið væri einungis með um 60 íbúðir í byggingu í dag en ef ástandið væri eðlilegt væru íbúðir í byggingu hátt í 300. Þegar formaðurinn var spurður út í ástæðuna var svarið einfalt, lóðaskortur.

Borgaryfirvöld hafa staðið sig mjög illa undanfarin ár þegar kemur að lóðaframboði. Öll áhersla hefur verið lögð á þéttingu byggðar og oftar en ekki reynt að troða niður húsbýggingum á lítil auð svæði í óþökk íbúanna í næsta nágrenni. Oftar en ekki hefur fólk ákveðið að kaupa sér húsnæði í nágrenni við lítil svæði sem kjörin eru til útivistar. Það er því vel skiljanlegt að íbúar séu ekki hrifnir af því þegar ákveðið er eftir á að hola niður nýbyggingum á þessi svæði. Á þetta höfum við ítrekað bent á þessum vettvangi í kjölfar mikilla viðbragða frá lesendum okkar.

Að öðru máli. Nú nýverið var boðað til mótmælafundar á Austurvelli vegna ástandsins í þjóðfélaginu og óánægju með störf ríkisstjórnarinnar. Mótmæladaðaginn bar upp á sama dag og alþingismenn okkar mættu til vinnu eftir alltof langt jólafrí.

Mikið var gert úr þessu fundarboði. Forystufólk í verkalyðshreyfingunni mætti í hvert viðtalið á fatur öðru og fjölmiðlar landsins voru undirlagðir í umfjöllun um mótmælafundinn. Oftar en ekki var rætt um mótmælin í samanburði við Búsáhaldaþynginguna í kjölfar hruns bankanna 2008.

Þegar upp var staðið mættu 300 hræður á fundinn.

Og í kjölfarið vakna margar spurningar. Eftir að hafa hlustað á mörg viðtölin og auglýsingar um mótmælin er rökrétt að átta að skipuleggjendur mótmælanna hafi átt von á mörg þúsund manns á fundinn. Mætingin var því stórkostlegt áfall fyrir þetta fólk.

En hver er ástæðan fyrir þessari lélegu mætingu? Hefur fólk það virkilega svo gott almennt að það sjái ekki ástæðu til að mæta á svona mótmælafund? Er fólk hætt að hlusta á foringjana í verkalyðshreyfingunni?

Spyr sá sem ekki veit.

Stefán Kristjánsson

abl@skrautas.is

Umferðaröngþveitið nær neyðarástandi

- eftir Björn Gíslason, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Samgöngusáttmálinn sem upphaflega var undirritaður fyrir fimm árum hefur nú loksins verið uppfærður. Þegar uppfærsluákvæði hans var virkjað, vorið 2023, var gert ráð fyrir að uppfærsla hans tæki einn og hálfan mánuð og lyki fyrir þingrof. En hún tók 18 mánuði. Það er líklega álíka vanefnd og seinkun og við sjáum í framkvæmdaáætlun upphaflega sáttmálans.

Þegar frá eru taldir þrjú verkþættir sem voru upphaflega á vegaaætlun ríkisins og sem Vegagerðin hafði hannað og síðan fram-kvæmt, snerist framkvæmdaáætlun sáttmálans frá 2019 um átta megin framkvæmdir við stofnbrautir og sex um borgarlínu, að viðbætti snjalljósavæðingu, hjólastígum og göngustígum.

Nú, fimm árum eftir undirritun upphaflega sáttmálans, átti helmingur þessara stofn-brautarframkvæmda að vera komnar í gagnið og helmingur borgarlínu verkþátanna. Það er hins vegar víðs fjárr.

Af þessum fjórtán verkþáttum hefur einungis verið hafist handa við einn þeirra og honum er langt því frá lokið. Ekki eru hafnar framkvæmdir við neinn af hinum þrettán verkþáttunum.

Það er því ekki nógu djúpt í árinna tekið að segja að þessi framkvæmdaáætlun hafi farið í handaskolum. Hún hefur líklega aldrei verið nein framkvæmdaáætlun. Aldrei annað en draumórar og innantóm óskhyggja, ofhlaðin lýsingarorðum sem einkum eru ætlað í sjálfshól þeirra stjórnámalanna sem að sáttmálanum stóðu.

Svona vinnubrögð eru hins vegar engum til sóma

Með uppfærslu sáttmálans er gatnamótum við Sæbraut breytt í Sæbrautarstokk og Miklubrautarstokk breytt í lengri undirgöng. Hvoru tveggja eru mun veigameiri og kostnaðarsamari framkvæmdir. En að öðru leyti eru stórir verkþættir þeir sömu og áður og því óskiljanlegt hvers vegna uppfærslan tók 18 mánuði.

Aðrar megin breytingar á sáttmálanum felast í nýrri forgangsroðun, breytti kostnaðaráætlun og lengingu á framkvæmdatímanum.

Hin nýja forgangsroðun bendir eindregið til þess að ráðmenn ætli



Björn Gíslason er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

raunverulega að horfa upp á umferðaröngþveitið á höfuðborgarsvæðinu ná fullkomnu neyðarástandi, án þess að hreyfa litla fingur.

Tökum dæmi:

Gatnamótin við Bústaðaveg - Reykjanesbraut eru langmikilvægasti framkvæmda-þáttur sáttmálans til að draga úr bráðavanda og umferðartöfum. Hann er jafnframt arðbærastur með hlidsjón af hlutfallslega lágum tilkostnaði. Ráðgert er að kostnaður við þessi gatnamót verði u.þ.b. 2,5 milljarðar eða u.þ.b. 0,8% af heildarjáfrestingu upp-færðs sáttmála.

Samkvæmt upphaflega sáttmálanum átti að ljúka við þessi gatnamót árið 2021. Borgarstjórnarmeirihlutinn kom í veg fyrir það og nú hefur þeim verkþætti verið seinkað til 2030.

Á meðan sitja tugþúsundir íbúa úr Breiðholti, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði fastir í umferðinni á Reykjanesbrautinni í um það bil hálf tíma til þrjú korter á hverjum degi á heimleið úr vinnu. En framkvæmd þessi myndi gera Reykjanesbrautina ljósa-lausa frá Kaplakrika í Hafnarfirði að Miklubraut.

Á sama tíma hefur göngu- og hjólabrú yfir Fossvoginn, sem nánast ekkert fór fyrir í upphaflega sáttmálanum, verið sett í algjöran forgang og á að vera fullbúin árið

2027.

Hún átti upphaflega að kosta 2,1 milljarð en er nú komin í 9 milljarða og hækkar enn. Það er furðuleg afstaða að halda að þær þúsundir höfuðborgarbúa sem daglega bíða í löngum bílaröðum á Reykjanesbrautinni, bíði einnig með öndina í hálsinum eftir brúnni yfir í Kársnesið.

Úrelt umferðarljós

Annar afar arðbær verkþáttur sem jafnframt hefur hlutfallslega lágan tilkostnað er snjalljósavæðing höfuðborgarsvæðisins.

Hún myndi auka umferðarflæði verulega, auka umferðaröryggi,veita Strætó og við-bragðsaðilum forgang og verða mikilvægur gagnagrunnur við alla umferðargreiningu.

Þessi verkþáttur var settur í algjöran forgang í upphaflega sáttmálanum, en nú hefur verið hætt við slíkt átak.

Þess í stað koma jafnar, lágar greiðslur til umferðarstýringar sem jafnast út á tíma sáttmálans til ársins 2040. Aðgerð sem hægt væri að framkvæma í einum grænum, enda þarfnast hún engra skipulagsbreytinga. Þá er ljóst að tækninni fleygir fram og þess má vænta að þegar að uppfærslu kerfisins verði loks lokið árið 2040 verði komin ný tækni og þessi úrelt.

Það er því augljóst að þessum sáttmála er ekki ætlað að draga sem fyrst úr umferðartöfum á höfuðborgarsvæðinu þó þær séu nú að nálgast polmörk.

Ekki pappirsins virði

Upphaflegi sáttmálinn var ekki pappirsins virði þegar kemur að raun-sæjum kostnaðar- og framkvæmdaáætlunum. En þrátt fyrir botnlaust óraunæið sýndi hann þó viljann fyrir verkið. Hann var þó að hluta til draumur um bætтар samgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Þessi uppfærsla á sáttmálanum er að því leytnu til mun verri, að hún afneitar augljóslega því mikilvæga markmiði, að draga sem mest og sem fyrst úr þeim gifurlega kostnaði sem einstaklingar og samfélag þurfa að greiða fyrir 12 ára vanrækslu á umferðarmannvirkjum.

Björn Gíslason borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði með 5 stjórn gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.



Hafðu samband núna

Draghals 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarféлага.

Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjábúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

Hefur þú kynnt þér þjónustu Heilsuklasans?

Fjöldinn allur af námskeiðum fyrir
byrjendur og lengri komna á
öllum aldri.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600
Bíldshöfða 9



Léttara líf



Sterkari bein



60+ Námskeið



Jóga



Tólf spor – Andlegt ferðalag



Tólf sporin – Andlegt ferðalag í Mosfellsbæ í vetur.

Undirbúningsfundur fyrir starfið í vetur verður í Safnaðarheimili Lágafellssóknar að Þverholti 3, **2. október kl. 19.30.**

Þrjú næstu miðvikudagskvöld verða framhalds undirbúningsfundir til frekari kynningar. Allir eru velkomnir og ekki þarf að skrá sig.

Fréttir

Árbæjarblaðið

Góð þjónusta við borgarbúa

- eftir Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur, forseta borgarstjórnar og oddvita Viðreisnar í Reykjavík

Að stýra opinberum fjármálum er langtímaverkefni og á ekki að vera háð dægursveiflu eða skammtíma markmiðum. Fjármál opinberra aðila kallar á skýra sýn, festu og eftirfylgni ákvarðanna. Síðan Viðreisn kom inn í borgarmálin höfum við tekist á við heimsfaraldur, auknið atvinnuleysi, háa vexti og verðbólgu. Við höfum siglt skipinu af festu en líka brugðist við eins og þurfti, líkt og við gerðum í heimsfaraldrinum. Þá jukum við í fjárfestingu, fórum í vinnumarkaðsaðgerðir og þjónustustofnanir borgarinnar réðu inn fólk til að mæta sóttvörnum og hólfunum.

Viðreisn í Reykjavík studdi innspýtingu og fjárfestingu í heimsfaraldri ásamt meirihlutunum í Reykjavík. Við hins vegar settum okkur skýra fjármálasýn um hvernig við ættum að bakka úr þessum viðbrögðum og stýra fjármálum borgarinnar til framtíðar. Sú sýn birtist, að undirlagi okkar í Viðreisn, í nýrri fjármálastefnu borgarinnar með mælanlegum lykiltölum sem eru leiðarvísir fjármálastjórnunar borgarinnar í dag.

Viðsúningur með skýra stefnu

Langtímasýn með skýra fjármálastefnu kallar á aðgerðir, og því fórum við strax eftir heimsfaraldur í um 100 aðgerðir, hagræðingu og aðhald. Aðgerðir sem hafa áhrif til langs tíma og stöðug aðhalds í útgjöldum. Hagræðing í fjármálum sveitarfélaga kalla alltaf á erfiðar ákvarðanir því rekstur sveitarfélaga snýst um nærþjónustu við íbúa sem öll nota þjónustu borgarinnar og öll hafa skoðun á. Það þarf því skýra sýn og úthald í aðgerðir til að snúa fjármálum við á tímum hárrar verðbólgu og stýrivaxta.

Það er útgjaldalítið fyrir stjórnsmálsmenn að lofa bara auknum

útgjöldum á slíkum tímum og auka skuldir í stað þess að draga úr penslu og verðbólgu. Þetta er sú lína sem ríkisstjórnin hefur undanfarin ár en situr þess í stað uppi með langvarandi verðbólgu og háa vexti, áætlaðan halla á ríkissjóði fram að lokum næsta kjörtímabils og mjög ósáttá þjóð. Hinn kosturinn hefði verið að bregðast við með hagsmuni almennings í huga og hafa hugrekki til taka erfiðar ákvarðanir til að hægt sé að nýta vaxtagjöld til að efla þjónustu við fólk.

Við sjáum nú fyrstu merki um viðsúning í 6 mánaða uppgjöri borgarinnar sem sýnir að rekstur borgarinnar er réttu megin við núlllíðu



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar og oddviti Viðreisnar í Reykjavík.

og mun skila um 200 milljóna króna afgangi. Ef þetta helst út árið stefnir í að A - hluti borgarinnar verði rekinn með afgangi í fyrsta sinn síðan fyrir heimsfaraldur. Rekstrarniðurstaða bæði A- og B-hluta er einnig jákvæð um 406 milljónir og er 7,1 milljarði

betri en á sama tíma í fyrra.

Traust fjármálastjórn og langtímasýn

Hagræðing og aðgerðir eru ekki bara til þess fallnar að bæta fjármálin, heldur einnig til þess að bæta þjónustu. Okkar megináhersla er að bjóða uppá góða þjónustu fyrir borgarbúa. Við höfum þurft að taka erfiðar ákvarðanir sem ekki alltaf falla vel í kramið en lögundin þjónusta hefur fengið algjöran forgang hjá okkur í meirihlutunum í Reykjavík. Þannig höfum við ekkert gefið eftir í þjónustu við aldrað fólk eða fatlað fólk. Sett mikið átak í viðhaldsaðgerðir skóla og leikskóla og haldið dampi í „Brúum bilið“. Hins vegar höfum við klippið af opnunartíma sundlauga á tímum þegar lágmarks aðsókn er og minnkað opnunartíma félagsmiðstöðvum unglunga um 15 mín. svo eitthvað sé nefnt en það er hvorki auðvelt né einfalt.

Við fórum í um 100 aðgerðir því það engin leið að hagræða innan sveitarfélaga öðruvísi en það sé gert á mörgum stöðum.

Að halda að hægt sé að fara í aðgerðir án þess að það kalli á breytingar er einföldum og í raun blekking. Ekkert kerfi á að vera hrætt við breytingar og að mínu mati eru stöðugar breytingar góðar, þær halda okkur á tánum og krefjast þess að við hlaupum hratt og getum brugðist við. Breytingar innan kerfa kalla á flæði og hreyfingu sem er mikilvæg til að ekki verði stöðnun.

Okkar sýn er að verja lögbundna grunnþjónustu borgarinnar, efla innviði og stuðla að góðu mannlífi. Það gerum við með traustri fjármálastjórn og langtímasýn.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar og oddviti Viðreisnar í Reykjavík.

eignaumsjon.is



Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

EIGNAUMSJÓN
lykill að öruggum rekstri fasteigna
Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

bfo.is

Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is



SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Árbæjarblaðið

Ritstjórn og auglýsingar Sími 698-2844 / 699-1322

GÓLFEFNADAGAR

Harðparket, vínyparket og flísar

20-45%
AFSLÁTTUR

MÚRBÚÐIN

Frábært sumar- salat með grilluðum argentískum rækjum

- frábær réttur sem vert er að prófa

Kristjana Steingrimsdóttir, Jana, býður lesendum okkar upp á frábærar uppskriftir af fiskréttum.

400-500 gr. argentískar rækjur í austurlenskri marineringu frá Hafinu.
2 bollar ferskt grænt salat.
1/4 púrlaukur skorinn í þunna hringi.
1/ box af Kóríander saxað gróft.
1/ box af Myntu söxuð gróft.
1/2 agúrka skorin í litla bita.
1 avókadó skorin í litla bita.
2 msk. Sesamfræ.
3 msk. granateplafæ.
3 msk. pistasíuhnetur eða kasjúhnetur, saxaðar.
Blandaðu saman á fallegan disk öllu

nema rækjunum.

Hitið pönnu með 1 msk. af olíu og steikið rækjurnar í um 2-3 mínútur á hvorum hlið. Þú gætir þurft að gera þetta í tveim skömmtum, því það er ekki gott að hafa of mikið á pönnunni í einu.

Kælið rækjurnar í smá tíma og setjið þær ofan á salatið og toppið með góðri sítrónuolíu, salti, pipar og sprettum/spírum.

Hrikalega gott og sumarlegt salat/máltíð sem tengur enga stund að útbúa.

Verði ykkur að góðu.

Kristjana Steingrimsdóttir (Jana)
jana.is - www.instagram.com/janast



Argentísku rækjurnar og sumarsalatið eru hreint lostæti.



HeilsuKlasinn

Höfum opnað í Spönginni!

25% afsláttur af öllum gleraugum

Gildir með eða án sjónglerja í nýrri verslun
Eyesland í Spönginni.

*Tilboðið gildir ekki með öðrum tilboðum.

eyesland


Spönginni · Kringlan · Grandi · Glæsibær · Keflavíkurlflugvöllur
eyesland.is



Toyota
Kauptúni

FYRIR HEMILINN Í LANDINU

ÓKEYPIS ÁSTANDSSKOÐUN Á BREMSUBÚNAÐI
TIL 30. SEPTEMBER HJÁ TOYOTA KAAPTÚNI



Toyota-eigendur fá ástandsskoðun á bremsubúnaði án endurgjalds til 30. september og afslátt af vinnu, bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum til ísetningar á staðnum.

20% afsláttur af bremsuklossum, bremsuborðum, bremsudælum, bremsuskálum og bremsudiskum*

*gildir bara samhlíða ísetningu hjá Toyota í Kauptúni

10% afsláttur af vinnu.

Engin vandamál – bara lausnir

● Toyota Kauptúni — Kauptúni 6 Garðabæ 570 5070



Silli kokkur Höfðabakka 1

- Villibráð með stöðugum nýjungum á matseðli
- Skemmtilegur staður fyrir fjölskyldur, vini, afmæli eða vinnustaði
- Barnamáltíð á 500 kr. og safi og ís í desert innifalið
- Notaleg stemning fyrir allan aldur og oft uppákomur um helgar



Jólin nálgast!

Sala er hafin á okkar vinsæla villibráðar- og jólahlaðborði á

sillikokkur.is

og matseðlar eru kynntir þar. Okkar glæsilegu hlaðborð verða í boði alla föstudaga og laugardaga í október, nóvember og desember



Silli Kokkur - S: S691-5976 - sillikokkur.is



Villibráðarhlaðborð:

Aðalréttir

Rjúpusúpa og gæsa confit bruchette m/ gráðosti.

Gæsalifrakæfa m/ púrtvínshjúp.

Grafin Gæsabringa m/ Camenbert og sultuðum rauðlauk.

Appelsínu grafið dádýr m/ Parmesan – trufflu balsamik og appelsínu.

Hrossafille í soja og wasabi.

Reyktur og grafinn lundi m/ bláberja vinagrette.

Villibráða Paté m/ hindberjasósu.

Grafinn Skarfur í bláberja lakkrissósu.

Graflax m/ ristubrauði og graflaxsósu.

Hreindýra bollur m/ villisveppasósu.

Gæsapottréttur í tartalettu.

Risotobollur m/ villisveppum og önd.

Bláberja marineruð gæsabringa.

Lambasteik úr Jökuldal.

Meðlæti

Villisveppasósa.

Heimalagað rauðkál.

Confit sveppir.

Sætkaftöflumús m/ dödlum og fennel.

Eftirréttur

Crème Brûlée.

Súkkulaði ostakaka.

Kokkurinn áskilur sér rétt til að breyta eða bæta við matseðil

Jólahlaðborð:

Aðalréttir

Graflax m/ ristubrauði og graflaxsósu.

Gæsalifrakæfa m/ púrtvínshjúp.

Grafin Gæsabringa m/ Camenbert og sultuðum rauðlauk.

Appelsínu grafið dádýr m/ Parmesan – trufflu balsamik og appelsínu.

Villibráða Paté m/ hindberjasósu.

Grafinn Skarfur í bláberja lakkrissósu.

Hreindýra bollur m/ villisveppasósu.

Gæsapottréttur í tartalettu.

Risotobollur m/ villisveppum og önd.

Purusteik.

Hunangljáud kalkúnabringa.

Meðlæti

Villisveppasósa.

Heimalagað rauðkál.

Confit sveppir.

Laufbrauð m/ smjöri.

Sinnepssíld m/ rúgbrauði.

Sykurbrúnaðar kartöflur.


Rækjur og krabbi í sweet chilli sósu.

Eftirréttur

Crème Brûlée.

Súkkulaði ostakaka.

Kokkurinn áskilur sér rétt til að breyta eða bæta við matseðil



U-19 THEODÓR INGI ÓSKARSSON
STEFÁN GÍSLI STEFÁNSSON

Theodór Ingi og Stefán Gísli valdir í lokahóp U-19!

Þórhallur Siggeirsson, þjálfari U19 karla, hefur valið þá Theodór Inga og Stefán Gísla í lokahóp U-19 ára landsliðs karla í knattspyrnu sem spilar á æfingamóti í Slóveníu 3.-11. september næstkomandi.

Báðir eru þeir lykilleikmenn í 2. flokki ásamt því að vera með mikilvæg hlutverk í meistaraflokki félagsins.

Við fögnum því að okkar frábæra uppeldisstarf sé að skila okkar efnilegu leikmönnum í landsliðsverkefni og hlökkum til að fylgjast með þeim í framtíðinni!

Til hamingju Teddi og Stebbi.

60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

HelluKlasinn

Stíflupjónusta Röramyndir Dælubíll



**VALUR
HELGASON**

stifla.is | 896 1100

Samgöngusáttmálinn er tafasáttmáli

- eftir Mörtu Guðjónsdóttur borgarfulltrúa

Vegfarendur sem sitja fastir í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu, þrjú korter á dag, eyða 274 ólaunudum klukkustundum, af sínum einkatíma, í umferðartafir á ári. Það eru tæplega sjö, 40 stunda vinnuvikur, eða nánast allt orlof launafólks í sumar- og vetrarfrí. Ef vegfarendur fengu greidd laun fyrir þessar tafir, 5.000 krónur á tímann, yrðu það 1.370.000 krónur á ári. Nú hafa borgaryfirvöld, ríkisvaldið og nágrennsveitarfélögin, hótad okkur því að þessi tímaskattur muni halda áfram að hækka, sífellt hraðar, ár eftir ár, í heilan áratug. Þessu er nú hótad með uppfærðum samgöngusáttmála.

Tafastefnan

Pennan tímaskatt ber að rekja til tafastefnunnar, samgöngustefnu borgaryfirvalda. Hún felst í því að teija fyrir allri umferð vélknúinna ökutækja. Það hafa borgaryfirvöld gert, markvisst og af yfirleðu ráði, í tólf ár, með því að:

1. Koma í veg fyrir viðhald og framkvæmdir á stofnbrautakerfinu.
2. Útiloka öll ný mislæg gatnamót.
3. Breyta tengibrautum í umferðarljósafrumskóg og þrengingar.
4. Hafa handstýrð gangbrautarljós á helstu stofnbraut borgarinnar.
5. Koma í veg fyrir snjallljósavæðingu.
6. Sóa tíu milljörðum í Fossvogsbrú svo það fari ekki í samgöngubætur.
7. Vinna gegn lagningu Sunda-brautar.

Önnur mein

Tafastefnunnar

Tafastefnan leggur ekki einungis tímaskatt á vegfarendur. Árið 2018 áætlaði Viðskiptaráð að umferðartafir á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2017 hefðu kostað samfélagið ríma 15 milljarða. Við höfum því tapad a.m.k. tvö hundruð milljörðum á umferðartöfum síðastliðin tólf ár.

Tafastefnan hefur stöðvað þróun almenningsamgangna, sem nú er í sögulegri hnignun. Tafastefnan eykur losun gróðurhúsalofttegunda og svifryksmengun. Tafastefnan dregur í sívaxandi mæli, úr öryggi þeirra sem þurfa á viðbragðsaðilum að halda, svo

sem alvarlega slasaðra, aldraðra og hjartasjúklinga. Og Tafastefnan hefur nú þegar skapað alvarlegar brotalamir í almannavörnum, ef hópslys eða náttúruvá ber að höndum.

Tilraun um Strætó 2012

Frá 2012 hafa borgaryfirvöld gert þrjá sáttmála við ríkið og nágrennsveitarfélög um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Fyrsti sáttmálinn, 2012, snerist um það að stöðva uppbyggingu samgöngumannvirkja í heilan áratug. Tilraunin átti að tvöfalda



Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

farþega Strætó, lækka samgöngukostnað og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hún fjölgaði Strætófarþegum ekkert, hækkaði samgöngukostnað og jók mengun og losun gróðurhúsalofttegunda.

Tilraun til að draga úr töfum 2019

Með sáttmálanum 2019, reyndi ríkisvaldið að draga úr tafastefnu meirihlutans í Reykjavík, með því að setja snjallljósavæðingu og gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar í forgang. Snjallljósinn hefðu umbylt umferðaljósastryngingum, orðið dýrmat umferðagreining, aukið umferðarflæði og öryggi, veitt neyðarakstri og almenningsvögun forgang og dregið úr mengun. En meirihlutinn í Reykjavík kom í veg fyrir snjallljósavæðinguna. Í uppfærslunni nú, var snjallljósavæðingin

legin af.

Tafastefnan staðfest 2024

Vegagerðin lauk fyrir löngu hönnu á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar. En borgaryfirvöld komu í veg fyrir þær framkvæmdir. Þau seinkuðu einnig framkvæmdum við gatnamót Amarnesvegar og Breiðholtsbrautar og tvöfölduðu kostnaðinn við þær. Í sáttmálanum frá 2019, áttu gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar að komast í gagnið árið 2021. Núna hefur þeim framkvæmdum verið frestað til ársins 2030. Þó eru þetta arðbærustu framkvæmdir sáttmálans. Þarna eru mestu umferðartafir á Íslandi og kostnaður aðeins tæplega 1% af uppfærðum sáttmálanum. Strætó- og hjólabrú yfir Fossvog átti að kosta tvo milljarða árið 2019. Hún kostar nú nú milljarða og hefur nú verið sett í forgang svo þeir fjármunir fari ekki í raunhæfar samgönguumbætur.

Fjölmörg önnur dæmi, sýna að uppfærslu samgöngusáttmálans er ekki ætlað að forgangsraða verkþáttum til að draga sem mest úr umferðatöfum á sem skemmstum tíma. Með uppfærðum sáttmála hefur tafastefnan nú lagt undir sig allt höfuðborgarsvæðið.

Lengri tafir – hærrí vegatollar

Uppfærður sáttmáli hefur einnig hækkað áætluð gjöld á borgarbúa. Kostnaður sáttmálans hefur hækkað úr 120 milljörðum í 311 milljarða, eða um 160 prósent á fimm árum. Áætlaðir almennir vegatollar munu hækka úr 60 milljörðum í 143, eða um 140 prósent á fimm árum. Á sama tíma þurfa vegfarendur að bíða sjö árum lengur eftir braðnaðsýnlegum vegabótum.

Þetta eru megin ástæður þess að ég greiði atkvæði gegn nýjum samgöngusáttmála í borgarstjórn. Ég stend með skattgreiðendum og vegfarendum í Reykjavík. Málsvavar uppfærða samgöngusáttmálans gera það ekki.

Höfundur er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Bréf til borgarstjóra

- frá Theódór Óskarssyni

Kæri Einar borgarstjóri,

Eitt mál er hitamál í Árbæjarhverfi. Íbúar og fjölmargir sem hafa notið þess að sjá Elliðaárlónið sem skartaði fjölbreyttu fuglalífi og augnayndi var þegar laxarnir sem syntu í gegnum stífluna hvíldu sig í tugatali. Fjölmargir ganga yfir stífluna á hverjum degi og þetta lón var hluti af uppeldi barna sem fylgdust með svönunum og ungunum sem voru margir. Árbæjarlónið var fallegasti hluti af Elliðaánum. Mín tillaga er að lónið verði fyllt og ef framsýnir ráðamenn vilja, þá er mögulegt að nýta vatnið til rafmagnsframleiðslu sem nægðu 1700 íbúum. Sú framkvæmd er ódýr og án umhverfisáhrifa. Með þökk fyrir að koma þessu í lag sem fyrst.

Ps. Borgin lét gera bók, Græna borgin og á blaðsíðu 27 er mynd af lóninu eins og borgin vill hafa lónið og ég styð þá ákvörðun.

Kæru Íslendingar. Ég skrifa þetta bréf vegna þess að mér ofbýður grátkór oflaunaðra manna og texti lagsins er „meira rafmagn hvað sem það kostar“. Það nýjasta er að reisa hér 150 metra háar vindmyllur í eigu útlandinga sem spilla mjög fjölbreyttri náttúru Íslands. Þessir sömu snillingar eyðilögðu fegursta hluta Elliðaána með ómerkilegum áróðri um að tæma Elliðaárlónið sem var uppstada raforkuframléiðslu sem þjónað hafði Reykjavík í 100 ár. Stíflumannvirkið stendur enn og vélarhús í góðu lagi. Það

þarf ekkert gáfnaljos til að sjá að ódýrasti kosturinn er að endurræsa raforkumannvirkin og endurheimta lónið og ég tel að lónið fái nafnið Reynislón í höfuðið á manni sem er stórt nafn í skipulagningu Árbæjarhverfis og skrifaði flotta bók um Elliðaámar. Það er ekkert sparað í alþingi þar sem 63 oflaunaðir menn rifast alla daga en nú hefur stóreflis skrifstofubákn verið byggt með óhemjukostnaði. Alþingi á þetta eflaust skilið eftir afrekaskrá árána og sem dæmi um afrekin eru eftirfarandi.

1. Rafmagnsbílar niðurgreiddir vegna þess hve þeir eru heilsusamlegir og nú eru þessir bílar svo margir að keyra verður álver á olíu og ef að rafknúinn bíll á nagladekkjum ekur um vegina þá skemma þeir vegina meira vegna allra rafgeymanna sem þynja þá.

2. Er ekkert við það að athuga hvort það sé eðlilegt að Norðmenn fái afnot af fjörðum landsins til að fylla þá með lúsugum löxum sem sífellt sleppa og blandast íslenska stofninum. Norðmenn gera lítið úr Íslendingum með því að senda tvo sundmenn með örvabyssur sem eiga að koma í veg fyrir þetta. Þvæla.

3. Nú er rekinn hér stór atvinnuvegur útlandinga sem eru hér á rútum og leigubílum, einnig eru þyrlur útlandinga í vinnu og það nýjasta er að ryðja skal stóru landsvæði til að rækta skóg í eigu útlandinga. Hvað þarf til að ferðir í

íshella að sumri til séu bannaðar? Er ráðherrann í frí?

4. Allt er gert til þess að hamlá veidum á Steypireyðum sem éta hundruð tonna af fiskmeti á ári. Þarna missa 150 manns vinnu vegna lélegrar stjórnsýslu.

5. Finnst þingmönnum ekkert athugavert við það að seðlabankinn skuli í langan tíma gera fólki erfitt með að lifa af launum sínum með því að lækka ekki vexti. Hefur seðlabankinn staðið sig vel hingað til? Nei. Dæmi um það er klúður í sölu hluta Íslandsbanka sem varð til þess að bankastjóri sagði af sér og kaup Landsbanka á TM tryggingum fyrir um þrjátíu milljarða varð til þess að öllu bankaráði var sagt upp en bankastjóri sat einn eftir. Þetta er dæmi um að seðlabankastjóri ætti að segja af sér og bankinn verði eftir þetta undir fjármálaráðherra. Það er lýðræði, við þurfum ekki að hafa einræðisherra hérna.

6. Er ekkert við það að athuga þegar brú milli Kópavogs og Reykjavíkur er aðeins ætluð strætisvögnum? Það sparar mikla mengun að þessi brú sé fyrir fólk sem vinnur nálægt brúarendunum og þarf að aka langar leiðir á dag til að komast í vinnu.

Árbæingar, stöndum saman um réttlæti.

Virðingarfyllt, Theódór Óskarsson



VETRARSTARF FYLKIS 2024/5

Fimleikar og Parkour

Fylkir býður upp á fimleika fyrir lengra komna í áhaldafimleikum, byrjendahópa í áhaldafimleikum fyrir 5 ára og eldri og hópfimleika fyrir 8 - 12 ára.

Íþróttaskóli er fyrir 3 - 5 ára og ungbarnafimi fyrir 1 - 2 ára.

Parkour er í boði fyrir alla, bæði stráka og stelpur frá 6 ára aldri.



Rafíþróttir

Fylkir býður upp á rafíþróttir í vetur fyrir stráka og stelpur á aldrinum 8 - 16 ára.



KARATE

Fylkir býður upp á karate fyrir byrjendur og lengra komna á öllum aldri, allt frá minikarate fyrir 4-5 ára iðkendur upp í æfingar fyrir fullorðna.



FÓTBOLTI

Fylkir býður upp á æfingar og keppnir fyrir stelpur og stráka á aldrinum 3-19 ára.



KÖRFUBOLTI

Fylkir býður upp á körfubolta í vetur fyrir stráka og stelpur frá 1.bekk.



HANDBOLTI

Fylkir býður upp á handbolta í vetur fyrir stráka og stelpur frá 5 ára aldri.



BLAK


Fylkir býður upp á blak í vetur fyrir stráka og stelpur frá 8 ára aldri sem og fullorðna.



Skráning í starfið er hafin á heimasíðu félagsins !

Upplýsingar um æfingatöflur, æfingagjöld, þjálfara og annað er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins eða með tölvupósti á fylkir@fylkir.is

**Frístundarstrætó gengur
14-16 alla virka daga frá og með 1.september.
Skráning fer fram á heimasíðu félagsins.**



Stórbrotið landslag við Rauðhólana í Heiðmörk, það er einstakt að hafa þvílíka náttúruvegurð í bakgarðinum hjá reiðskólanum.

Reiðskólinn

Reiðskóli Reykjavíkur var stofnaður árið 2001 og eru eigendur hans hjónin Edda Rún Ragnarsdóttir og Sigurður Vignir Matthíasson. Þau hafa stundað hestamennsku frá blautu barnsbeini, fyrst sem áhugamál en síðan sem aðalvinnu.

Edda Rún og Sigurður halda fjölmörg reiðnámskeið um allan heim og fara reglulega til Noregs, Hollands, Svíþjóðar, Belgíu og Þýskalands.

Ljósmyndir

Katrín J. Björgvinsdóttir

Reiðskóli Reykjavíkur er með aðsetur að Fákabóli 3, 110 Reykjavík, sem er staðsett fyrir framan Félagsheimili Fáks í Víðidal. Kata Ljósmyndari leit við á lokanámskeiðinu á dögunum og tók myndir af frábærum krökkum og hrossum á námskeiðinu.



Kiddý leiðbeinandi að gera allt klárt fyrir reiðtúr dagsins með allan hópinn.



Lísbet Eiríksdóttir með Blakk, Wiktoria Sledziewska með Erró og Sigurdis Frigg Ágústsdóttir Midjord á Góa.



Rakel Rún Bæringsdóttir á Frystingu, Eydis Klara Kjartansdóttir á Dúsk, Þórunn Eyja á Poku og Laufey Kara Kjartansdóttir á Bleikju.



Rakel Rún Bæringsdóttir með Frystingu.



Þóra Karlsdóttir að teyma Dís.



Jasmín Lea Hansen Ágústsdóttir að teyma Ísbjörgu.



Björney Anna Aronsdóttir að huga að hestunum fyrir reiðtúrinn.



Þórunn Eyja Kjartansdóttir var að klára að kemma Poku.



Björney Anna Aronsdóttir, Krístrún (Kiddý) Bender og Camilla Dís Ívarsdóttir leiðbeinendur fyrir framan Reiðskóla Reykjavíkur.



Gúiomar Gramata á Sleipni, Oleksandra Yevko á Jarpi og Íris Ruth Helgadóttir á Oríó.



Jasmin Lea Hansen Ágústsdóttir á Ísbjörgu, Helena Sara Jakobsdóttir á Lóu og Þóra Karlsdóttir á Dís.



Að njóta íslenskrar náttúru í Heiðmörk er frábær upplifun.




Á leið í langan reiðtúr hringinn í kringum Rauðavatn.



Það er passað vel upp á alla í reiðtúrunum.



Þórey Björgvinsdóttir starfsmaður, með Æsu og hesthúsakanínuna Snúbbu.



Flottir knapar við Rauðhólana.



Kettlingnum Mondy liður vel í hesthúsinu enda besta vinkona Snúbbu kanínu.

Félagsstarf fullorðinna

Við erum á Facebook



Félagsmiðstöðin Hraunbæ 105



Félagsmiðstöðin Hraunbæ
105
Félagsmiðstöð



Leita að Félagsmiðstöðin Hraunb...



Félagsmiðstöðin Hraunbæ 105

Sími 411-2730

Gamla myndin

Árbæjarblaðið



Yngsti markaskorariinn

Hjörtur Hermannsson stóð í ströngu í hjarta varnarinnar hjá Íslendingum gegn Svartfjallalandi og Tyrkjum. Hér fagnar hann fyrsta marki sínu fyrir meistaraflokk Fylkis gegn Víkingi árið 2011 en hann er enn yngsti markaskorari í sögu félagsins 16 ára og 214 daga gamall.

KG

TUDOR Start/stop

AGM þurrir og EFB síru rafgeymar fyrir bíla með start/stop búnaði



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

✉ utforin@utforin.is 🌐 www.utforin.is



Sveinir Einarsson
Útfarastjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfarastjóri
S: 793 4455



Jóhanna
Fjörðvöðudóttir
Umjón utlára




Guðmundur Ó. Jóhannsson
Franklýsingastjóri
Umjón utlára
S: 862 0537

ALÚD • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Árbæjarblaðið

Ritstjórn og auglýsingar sími 698-2844



Hverfistré Árbæjar 2024

Trjálundurinn við Árbæjarlaug hlaut útnefninguna Hverfistré Árbæjar nú í haust. Skógræktarfélag Reykjavíkur stóð að útnefningunni sem er ætlað að vekja athygli á fallegum trjágroðri í borginni og hve verðmætur hann er. Trjálundurinn fegrar umhverfi sundlaugarinnar, rammur inn svæðið og eykur ánægju þeirra fjölmörgu sem sækja sundlaugina. Lóðin við Árbæjarlaug var hönnuð um leið og laugin sjálf, sem var opnuð 1994. Suðurhluti lóðarinnar nær að hluta inn í gamalt sumarbústaðaland sem var þá þegar var skógi vaxið.

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Fréttamolar frá kirkjustarfinu

Helgihald í Árbæjarkirkju

Fjölbreytt starf fyrir alla aldurshópa í Árbæjarkirkju fram á vorið 2025

Almennar guðsþjónustur í Árbæjarkirkju alla sunnudaga kl. 11.00 (sjá nánar á www.arbaejarkirkja.is)

Kyrrðastundir alla miðvikudaga kl. 12.00. Altarisganga og fyrirbætur. Léttur hádegisverður á vægu verði

Starf eldri borgara (opið hús) alla miðvikudaga kl. 13.00 - 16.00. Helgistund Hraunbæ 105 í Félagsmiðstöð eldri borgara alla fimmtudaga kl. 9:30

Sunnudagaskólinn er í safnaðarheimili kirkjunnar á sunnudögum kl. 13.00 þar sem ungir og alnir skemmta sér saman. Brúðuleikhús, söngur og biblíusögur

Vegna framkvæmda við kirkjuna er sunnudagaskólinn



Skotið nánar á heimasíðu kirkjunnar www.arbaejarkirkja.is

kl. 13.00 alla sunnudaga allavega fram að áramótum.

Barnastarf Árbæjarkirkju. Á þriðjudögum er boðið er upp á sérstakt starf fyrir bæði 6-8 ára börn (STN starf) og 9-12 ára börn (TTT- starf). Skrá þarf sérstaklega börnin í STN (1. - 3. bekkur) og TTT-starfið (4. - 7. bekkur). Skráning fer fram á heimasíðu kirkjunnar

Allt barna- og unglingastarf á vegum Árbæjarkirkju er foreldrum að kostnaðarlausu

Unglingastarf Árbæjarkirkju. Æskulýðsfélagið saKÚL hittist á fimmtudagskvöldum kl. 20.15. Unglingastarfið er opið öllum ungmennum og hvetjum við fermingarbörnin sérstaklega til að taka þátt

Fermingarfræðsla veturinn 2024-2025 (sjá nánar www.Arbaejarkirkja.is)



Andvarp hugans

- eftir sr. Þór Hauksson sóknarprest í Árbæjarsókn

Það haustar að í náttúrunni. Lífgefandi gróður og gláðhlakkalegur má muna fífil sinn fegurri og má eflaust segja slíkt hið sama með okkur manneskjunnar sem drögum fram dúnúlpur í neppu vinda sem minna okkur á veturinn eru úti við næsta horn að okkur finnst fornaldarlegur, kann að vera frekur á sitt, hóstandi gulum og rauðum þreyttum laufblöðum sem misserin áður áttu sinn stað lífgefandi tilveru vors og sumars samkvæmt dagatalinu.

„Hver vill vera túnfífill á víðáttuengum lífsins?“ sagði hún skáldlega enda skáld og kennari. „Trúlega enginn sem hefur val um annað,“ svaraði sessunatur minn í Austurbæjarskólanum forðum daga og uppskar hlátur okkar hinna og við hvert í kapp við annað fundum okkur blóm til að vera á víðáttu engi lífsins, en ekki túnfífill eins ung eyru okkar námu að kennarinn væri að segja okkur vera. Auðvitað vill enginn vera fífil ef við mögulega komumst hjá því.

„Hvað er svona slæmt við það að vera fífil?“ spurði kennarinn og leit yfir „blómin“ sín eins og hún jafnan kallaði okkur nemendur sína. Okkur vafðist tunga um höfuð, svo mjög áttum við erfitt með að svara þessari spurningu. Við ákváðum að láta gott heita og sögðum „afþvíbara.“ Hún brosti við okkur túnfífillunum þótt við höldum að við værum eitthvað annað, brosi sem iljaði af kærleika og þess sem lét sig varða. Það fylgir því sársauki að láta sig aðra manneskju varða, elska. Elska, gildishlaðið orð fullt af einhverju sem gefur án þess að biðja um eitthvað á móti.

Það er stundum gott og dýrmætt og

líka hollt þegar horft er um öxl á fölnaða daga sumars, hnýtur maður um minningar sem ég sagði frá hér að ofan. Minningar sem vart er hægt að leggja trúnað á en á sinn stað og sitt líf óháð öllu og öllum veruleika dagsins í dag heima og að heiman handan hæstu tinda fjalla og dýpstu djúpum sjávar, það er fátt eða ekkert sem mátar við. Dagarnir rekast á hvern annan léttir og þungir klyfjaðir farangri lífs og tilveru hvort heldur hversdags eða hátíðar, geta verið heimtufrekir; segi ekki afbrýðsamir, stundum koma dagar brosandí út í bæði og við kunnum að finna til feimni að mæta þeim.

Nýverið vorum við minnt á að tilveran er ekkert alltaf val um að vera sólbjartur túnfífill áhyggjuleysis á endalausum engjum lífsins sem ljúfur andblær leikur um og snertir smáum fingrum. Fyrir einhvern haustar að snemmsumars lífs. Dagar sakleysis og kátínu vísað á dyr og það er sem ekkert geti breytt því en gerir það samt. Orðin sem nokkru áður áttu sér vængi, byr til þess að færa úr stað hugusun um að ekkert geti beyglad eða fært úr stað raunveru bjarttra hugsana víkur fyrir þögn ósagðra orða, orða vanmættis sem þrátt fyrir vanmátt sinn að geta hvíslad í eyru huggun frammi fyrir ósegjanlegum og ósnertanlegum harmi. „Ekkert svar, bara spurningin ef þú hefur verið hér.“

Ekkert svar...veit það ekki, kannski vegna þess að almennt höfum við ekki í erli dagana gefið okkur tíma og eða tómt til að „lesa“ í svörð þess sem kann að geyma svarið. Kannski vantar upp á kjarkinn til að leita eftir því.

Það haustar að tilveru náttúrunar




sr. Þór Hauksson.

einhver kann að finna fyrir missi þess sem var bjarttra náttu og fuglasöngs og bjartsýnispúlssi náttúrunnar sem leggst til svefnis, þagnar sem um leið veitir andrúmi nýrra víddar og hugsunar um tilveru okkar sem andvarp hugans.

sr. Þór Hauksson

OKTÓBER - SÚPUFUNDUR



Kvenfélags Árbæjarsóknar verður haldinn mánudaginn 7. október 2024 Kl. 18.00. Fundarstaður auglýstur síðar á fb og vef árbæjarkirkju Allir velkomnir Stjórni


60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeiði.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600



BÓNUS

Komdu í körfu!

**Frí prufuvika
16.-21. sept.**

Bónus býður krökkum um allt land sem vilja prófa körfubolta, eina fría prufuviku. Nýttu tækifærið og kíktu á æfingu hjá Fylki.



**Hér geturðu skoðað
æfingatöflu Fylkis**

*Við hjá Fylki viljum endilega fá fleiri krakka
í körfu og tökum vel á móti öllum.*

